



Reykjavík, 19. ágúst 2024

VEL24080024

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Staða áfangaheimilisins Lítillar þúfu

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs þann 7. júní 2023 samþykkti velferðarráð að veita félaginu Lítill þúfa styrk í formi innri leigu kr. 6.540.000 á ári til reksturs áfangaheimilis fyrir konur að Snekkjuvogi.

Greinargerð:

Frá árinu 1988 hefur verið rekið áfangaheimili fyrir konur í Snekkjuvogi sem gengið hefur undir heitinu Dyngjan. Þann 1. mars 2023 tók fasteignafélagið Lítill þúfa að sér rekstur Dyngjunnar og óskaði í kjölfarið eftir því að taka húsnæðið að Snekkjuvogi til leigu og að fá styrk í formi innri leigu, sbr. fyrra félag.

Eignaskrifstofa Reykjavíkurborgar (ESR) á fjármála- og áhættustýringasviði og almannahagsmunarfélagið Lítill þúfa gerðu með sér húsaleigusamning í júní 2023 þar sem kveðið er á um styrk til innri leigu. Lítill þúfa hefur fengið starfsleyfi frá gæða- og eftirlitstofnun velferðarmála.

Í nóvember 2023 varð vart við rakaskemmdir í húsnæðinu. Viðhaldsdeild fasteigna á umhverfis- og skipulagssviði (USK) gerði úttekt á húsnæðinu og samhliða fóru fram þríf. Ljóst var að ástand hússins var slæmt og mikill kostnaður því samfara að gera við það. Lítill þúfa óskaði eftir því að Reykjavíkurborg myndi félaginu annað húsnæði. ESR hefur skoðað möguleika á öðru sambærilegu húsnæði en sú leit hefur ekki borið árangur. Þar hefur m.a. áhrif að ljóst er að kostnaður vegna innri leigu er í dag tiltölulega lítill og líklegt að kostnaður vegna leigu muni hækka umtalsvert takist að finna annað húsnæði. Uppreiknaður kostnaður á innri leigu vegna Snekkjuvogs er um 6,7 m.kr. á ári eða um 555 þús.kr. á mánuði og stendur velferðarsvið straum af allri þeirri fjárhæð.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur fundað með stjórn Lítillar þúfu og fram kom að félagið treystir sér ekki til þess að greiða hærri leigu en nú er. Stjórnin hefur því óskað eftir að Reykjavíkurborg auki styrkveitingu til innri leigu sem eykur möguleika á að finna annað húsnæði. Samkvæmt upplýsingum ESR má gera ráð fyrir því að leigan verði 18-26 m.kr. á ári.

Lítill þúfa hefur haldið áfram rekstri í húsinu þrátt fyrir ástand húsnæðisins.

Rekstur áfangaheimila er ekki lögboðin starfsemi velferðarsviðs. Hins vegar ber velferðarsviði skv. 2. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, að veita



Reykjavík



aðstoð og ráðgjöf til einstaklinga með fíknivanda. Reykjavíkurborg rekur tvö áfangaheimili fyrir fólk sem lokið hefur áfengis- og vímuefnaeðferð, annað fyrir konur (Njála) og hitt fyrir karla (Brautin). Þá rekur Samhjálp samkvæmt samningi við velferðarsvið áfangaheimili fyrir karla að Miklubraut. Reykjavíkurborg hefur veitt styrki til þriggja annarra áfangaheimili sem eru rekin af einkaaðilum/frjálsum félagasamtökum í Reykjavík, Nýtt takmark, Draumasetrið og Vin (SÁÁ). Það er mat velferðarsviðs að æskilegt sé að áfangaheimilið Lítil þúfa geti haldið áfram rekstri en það er eina áfangaheimilið sem er rekið eingöngu fyrir konur, utan Njálu sem Reykjavíkurborg rekur. Mikil þörf er því á rekstri Líttillar þúfu.

Þann 1. febrúar 2024 barst velferðarráði beiðni stjórnar Líttillar þúfu um 4 m.kr. styrk til að ráða viðbótarstarfsmann í hlutastarf. Fyrir er starfsmaður í 75% starfi auk afleysingafólks um helgar. Fram kemur í beiðni að brýnt sé að sinna betur þörf kvenna fyrir félagslega aðstoð og til að létta á öðrum praktískum málum, m.a. vegna fyrirhugaðra flutninga í annað húsnæði (*fylgiskjal 1*). Á þeim tíma voru vonir bundnar við að hægt yrði að finna heimilinu tímabundið húsnæði á meðan húsnæðið í Snekkjuvogi yrði gert upp. Eins og fyrr segir er það hins vegar mat ESR í dag að ekki borgi sig að gera húsnæðið upp, það sé í raun óíbúðarhæft og stefnt er að því að selja húsið. Ofangreind styrkbeiðni hefur því ekki verið afgreidd.

Velferðarráð samþykkti á fundi sínum 7. júní 2023 viðmið um úthlutun styrkja til áfangaheimila. Þar er fjallað bæði um styrki úr borgarsjóði í gegn um styrkjaþott velferðarráðs og styrki með fyrirkomulagi innri leigu. Sjá fylgiskjal. Lítil þúfa uppfyllir þau viðmið sem þar koma fram.

Reykjavíkurborg er leigusali í þessu máli og Lítil þúfa leigutaki. Það er á ábyrgð leigusala að rannsaka hvort um myglu er að ræða í útleigðu húsnæði (hefur þegar verið gert) og koma húsnæðinu í íbúðarhæft ástand. Í ljósi þess að til stendur að selja húsnæðið verður því ekki komið í íbúðarhæft ástand og eru nauðsynleg næstu skref því að segja upp leigusamningnum, sem er ótímabundinn og uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara.

Ljóst er að kostnaðarauki verður af því að Lítil þúfa fari í annað húsnæði, bæði vegna kostnaðar við flutnings og vegna þess að kostnaður vegna innri leigu í Snekkjuvogi hefur verið einstaklega hagstæður. Aukinn kostnaður rúmast ekki innan fjárhagsramma velferðarsviðs, né heldur hefur Lítil þúfa bolmagn til að standa straum af honum.

Reykjavíkurborg hefur styrkt einstaka félög í formi innri leigu, þ.e. með því að útvega húsnæðið til starfseminnar, en þó hefur slíkum samningum fækkað. Einungis tvö áfangaheimili hljóta nú styrki með slíku fyrirkomulagi, Lítil þúfa og félagið Nýtt Takmark sem rekur áfangahúsnæði fyrir karla sem lokið hafa áfengis- og vímuefnaeðferð á Barónsstíg. Upphæð innri leigu þar er 7.787.544 kr. á ári. Önnur einkarekin áfangaheimili eru rekin í húsnæði sem borgin er ekki eigandi að.

Reykjavíkurborg hefur hingað til ekki veitt styrki til niðurgreiðslu húsaleigu áfangaheimila.